

Jón Karl Helgason

## Mynstrið í gólfteppinu, mosavaxið letur

Meðal efnis í ljóðabókinni *Indtánasumri* eftir Gyrði Elíasson er ljóðið „Í vinarhúsi“. Hér stendur lesandinn við hlið skáldsins í húsakynnum ónafngreinds vinar og virðir fyrir sér innanstokksmuni.

Myndirnar á veggjunum,  
steinarnir enn í miðherberginu,  
gamla ritvélin á gólfinu  
undir skrifborðinu eftir  
að hann fór, bækurnar í  
tekkhillunni

Ritvélin, skrifborðið og tekkhillan; þau benda til þess að vinurinn hafi sjálfur verið skáld. Hann hefur að minnsta kosti sinnt skriftum annað slagið og væntanlega haft yndi af bókum, en nú er hann farinn. Húsið geymir persónulega muni hans en ekki hann sjálfan, líkt og ljóðabókin geymir ljóð skáldsins en ekki skáldið sjálf. Gyrðir og lesandinn halda samt áfram að svipast um í næstu línunum:

Í stofunni glerskápurinn  
– og mynstrið í gólfteppinu  
ættað úr slafneskum ævintýrum.  
Svefnrósir í potti úti í  
gluggakistu, og sófinn  
góði og rauði  
undir glugganum.

Húsguðir  
í öllum hornum

Lesandinn kann að finna til þess þegar hér er komið að vinarhúsið er honum fráleitt jafn kunnuglegt og skáldinu. Gott ef hann spyr ekki sjálfan sig: „Hvaða góða, rauða sófa er Gyrðir að yrkja um? Hef ég einhvern tíma sest í hann?“ Í brjóstinu vaknar þó kannski óljós grunur um að maður hafi komið hingað áður og kannist við þessa húsguði, tekkhillurnar til dæmis. Þetta eru ef til vill sömu hillur og blasa við á næstu opnu á undan, í ljóðinu „Bækur“; það eru valtar bókahillur sem skáldið býst allt eins við að fá yfir sig einn daginn:

Sem betur fer er hér ekki  
jarðskjálftasvæði, því sumar  
bækur eru víst ísaxir og  
aðrar múrsteinar og ekki  
gott að fá þær í hnakkann

Ósjálfrátt byrjar maður að fletta fram og til baka í *Indtánasumri* í leit að glerskápnum eða gömlu ritvélinni. Og fyrr en varir er maður farinn að gramsa í sínum eigin hillum, dregur þaðan fram eldri bækur skáldsins, lýkur

þeim upp og svipast um. Smátt og smátt breytist hinn óljósi grunur í áþreif-anlegri kennd og maður spyr sig nú spurninga á borð þessa: „Svefnrósirnar sem standa úti í glugga í vinarhúsi, eru þetta sömu „svefnblóm“ og Gyrðir yrkir um í ljóðinu „Lifandi landið“ í ljóðabókinni *Mold í Skuggadal* eða eiga þær meira skylt við draumsóleyjarnar sem vekja sögumann í upphafskafli *Gangandi íkorna*, fyrstu prósabók skáldsins?“

Svona hef ég varið löngu vetrarkvöldi, með annan fótinn í þessu eina ljóði Gyrðis en styð hinum við völtu bókahillurnar næst skrifborðinu mínu. Ég dreg fram bækur fleiri höfunda, innlendra og erlendra; er að leita uppi mynstrið í gólfteppinu sem Gyrðir yrkir um, mynstrið sem ættað er „úr slafneskum ævintýrum“. Mynstrið sem ég finn til samanburðar er að vísu ættað úr annarri átt, það er í smásögu eftir bandaríska rithöfundinn Henry James sem ber einmitt titilinn „The Figure in the Carpet“ – mynstrið í gólfteppinu. Sagan, sem kom út 1896 (réttíri öld á undan Indíanasumri), segir frá ungum gagnrýnanda sem hefur lokið við að skrifa grein um eftirlætis rithöfundinn sinn og hittir hann skömmu síðar. Höfundurinn, sem heitir Hugh Vereker, dregur ekki fjöður yfir að hann hafi orðið fyrir vonbrigðum með greinina – að vísu hafi verið mikið í hana lagt en gagnrýnandanum ekki auðnast að svipta hulunni af leyndardómi höfundarverksins, þeim leyndardómi sem gefur skáldverkum Verekers merkingu og tilgang. Gagnrýnandinn ungi brýtur heilann um hvað skáldið eigi við og þegar þeir hittast næst reynir hann að veiða frekari vís-bendingar upp úr Vereker: „Ég gat mér þess til að þetta væri einhvers konar grundvallaratriði, líkt og flókið mynstur í persnesku gólfteppi. Hann var ákaf-lega ánægður með þessa samlíkingu mína og var sjálfur með aðra á takteinum. Þetta er festin sem perlurnar mínar eru þræddar á.“

Enda þótt ég hafi litla trú á að skáldskap Verekers svipi til verka Gyrðis fylgir líkingin úr smásögu Henry James mér áleiðis, nú þegar ég held áfram að brjóta heilann um einstök ljóð úr *Indíanasumri* og tengja þau ljóðum úr *Mold í Skuggadal*, sem einnig liggur opin hér á skrifborðinu. Ástæðan er þriðja bókin sem ég hef tekið ofan úr hillu, ritgerðasafnið *Poétique de la prose* eftir slafneska bókmenntafræðinginn Tzvetan Todorov, en hann byggir þar bráð-skemmtilega umfjöllun sína um smásögur James á fyrrnefndum ummælum gagnrýnandans úr „The Figure in the Carpet“. Í upphafi viðkomandi kafla bendir Todorov á að gagnrýnendur hafi löngum hrósað Henry James fyrir tæknilega fullkomnun í skáldskapnum en talið verk hans þó jafnframt skorta mikilvægar hugmyndir – hann hafi ekki fengist við nógu áleitin viðfangsefni. Todorov andmælir þeim greinarmun sem þarna er gerður á *tækni* höfunda og *hugmyndum* þeirra, *stíl* og *viðfangsefni* verka. Hann er þeirrar skoðunar að eitt helsta einkenni allrar eiginlegrar listar sé að þessar meintu andstæður verði ekki greindar að. Í framhaldi af því tekur Todorov sér fyrir hendur að afhjúpa leyndardóminn í sögum Henry James – að kanna hvaðan mynstrið í gólfteppi bandaríska skáldsins er ættað.

Mér hefur stundum þótt brenna við í umfjöllun um verk Gyrðis Elfasonar að endurtekin orð um stílgáfu skáldsins hafi komið í stað vekjandi umræðu um viðfangsefni verkanna. Að nokkru leyti er þetta ójafnvægi rótgróið í íslenskri bókmenntaumræðu, þar sem góður stíll þykir gjarnan vega þyngra en djúpar

og ögrandi hugsanir. En þetta viðhorf hefur líka mætt nokkru viðnámi á síðustu misserum. Í nýlegum ritdómi um *Indíanasumar* ræðir Haukur Hannesson um hneigð fyrri gagnrýnenda til að kenna verk Gyrðis við galdur og segir í því sambandi:

Ég er ekki viss um, að Gyrði þyki þessi klisjukennda stílgaldurs einkunn gagnrýnenda góð. Samt er eins og hann treysti um of á töframátt í ljóðagerð sinni, telji að stemningar, þó snjallar séu, og myndir einar sér – án bragðpróttar – hafi í sér nægan mátt til að bera uppi heilt ljóðasafn. [...] Nú er ekki leyfilegt að gera aðrar kröfur til skálda en að þau séu trú sjálfum sér, og það er Gyrðir sannarlega. Hann lýsir veröld sinni með næmum augum fagurkera og er að jafnaði smekkvís í skáldskap sínum. Hins vegar er stundum engu líkara en að hálf-vélvirk „listræn tilfinning“ taki af honum ráðin, ljóðin fari næstum að yrkja sig sjálf.

Þessu til staðfestingar tekur Haukur dæmi um endurtekningar í litanotkun og myndum *Indíanasumars*; segir að gróflaga megi skipta þeim í „næturljóð“ og „sólárljóð“, „inniljóð“ og „útiljóð“ og þykir margvíslegar lýsingar bók-arinnar á gluggum og húsum nokkuð einhæfar.

Sjálfum þykir mér þessi flokkun Hauks „hálf-vélvirk“; líkast til er hægt að nálgast flest ljóðskáld bókmenntasögunnar með svipuðu hugarfari án þess að komast nær viðfangsefnum þeirra (hve oft rímaði Tómas Guðmundsson saman skugga og glugga?). Reyndar á Gyrðir það sameiginlegt með Hugh Vereker og Henry James að svonefnd merking blasir ekki við í ljóðum hans og sögum, lesandinn þarf að gefa sér tíma til að leita uppi mynstrið í höfundarverkinu. En jafnframt þarf hann að gæta þess að spilla ekki vefnum. Svo aftur sé horfið til Todorovs þá er það ein grundvallarhugmynd hans um bókmenntir að sérhver rithöfundur skrifi sína eigin fagurfræði – eins konar skilningslykil – inn í bækur sínar. Verkefni lesandans er að uppgötva fagurfræði skáldsins og beita henni á verk þess. Til að skýra hvað Todorov á við má til dæmis spyrja hvort ekki sé óhætt að lesa „Vinsamlega ábendingu til höfunda kirkju-garðsbóka“ úr *Mold í Skuggadal* jafnframt sem ábendingu til þeirra sem lesa og túlka þetta og önnur ljóð Gyrðis:

Það á ekki að skafa  
mosa af gömlum steinum  
í kirkjugörðum til að  
hægt sé að lesa letrið  
undir, nöfn og rökkvuð  
ártöl

Það á að lesa  
gegnum mosann  
og þannig verður  
óskýrt letur  
skýrt  
og það sem er  
á bak við letrið

Því mosinn vex  
inn í dauðann  
undir sólinni

Mikilvægur merkingarþáttur *Indíánasumars* birtist þegar í titli bókarinnar; indíánasumar er annað orð yfir haustblíðu, þá fágætu daga þegar meintar andstæður hlýinda og hausts falla í ljúfa löð. Í mörgum ljóðanna er dvalist við slíkar andstæður – í vorsólinni er einhver að brýna ljá, grannur ljósþráður vefur sig í gegnum svartasta myrkur – en þó iðulega gefið til kynna að átök þeirra eru náttúrulegt ferli sem taka beri af æðruleysi. Sögusvið bókarinnar er við fyrstu sýn ósköp hversdagslegt; skáldið kveikir á kaffivélinni, lítur út um eldhúsgluggann, þvottur hangir á snúru. En handan þessa hversdagsheims er sjálfur alheimurinn, með englum sínum og reikistjörnum. Og það er þangað sem Gyrðir er gjarnan að skygnast ásamt þeim persónum – mönnum og dýrum – sem við sögu koma. Tæplega er það tilviljun að stjörnukeikri bregði fyrir í fleiri en einu ljóði, en sú stjörnuskoðun sem fram fer setur jarðneska, stundlega tilveru okkar jafnan í viðameira samhengi. Í ljóðinu „Innri-Hólmur í ágústmánuði“ vitjar lesandinn með ljóðmælanda um trékross á leiði „gamla skáldsins og / smíðsins sem skrifaði / við hefilbekkinn“ en er um leið minntur á að yfir öllu vakir annar og öllu stórvirkari völundur. Og líkt og hinn látni grípur sá „himnasmiður“ stundum í skriffærin. Ljóðið „Í uppsveitum“ geymir mynd af gulum stráum sem líkt er við örgranna blýanta, „og ósýnileg / hönd skrifar / haustkveðju / á lækjarbakkann“.

Ljóðin í *Indíánasumri* geyma því ekki aðeins skilningslykil að sér sjálfum. Þau, eins og fleiri verk Gyrðis Elíassonar, greiða á sinn hógværa en áhrifaríka hátt fyrir skilningi okkur á því sem stendur bak við lettrið á lífseigustu legsteinunum – þau opna augun fyrir mynstrinu í gólfteppi guðs.

*Verk sem vitnað er til*

Gyrðir Elíasson: *Mold í Skuggadal*. Reykjavík 1992.

Gyrðir Elíasson: *Indíánasumar*. Reykjavík 1996.

Haukur Hannesson: „Ljósin heima.“ [Ritdómur um *Indíánasumar*.] *Tímarit Máls og menningar* 58/3 (1997), 108–11.

Tzvetan Todorov: „The Secret of Narrative“. *The Poetics of Prose*. Þýðing Richards Howard. Ithaca, New York 1977.

# Þórðarfögnuður

haldinn í tilefni fimmtugsafmælis

Þórðar Helgasonar

5. nóvember 1997

af samstarfsfólki hans og vinum

Reykjavík 1997

Y. G.